


Gróður og fuglar á áhrifasvæði ofanflóðavarna neðan Urðarbotna og Nesgils í Norðfirði

Guðrún Óskarsdóttir, Halldór W. Stefánsson,
Kristín Ágústsdóttir og Elín Guðmundsdóttir

Unnið fyrir EFLU

NA-150153
Neskaupstaður
Nóvember 2015

 NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS		<input type="checkbox"/> Egilsstaðir <input checked="" type="checkbox"/> Neskaupstaður
Skýrsla nr: NA-150153	Dags: Nóvember 2015	Dreifing: Opin
Heiti skýrslu (aðal- og undirtitill): Gróður og fuglar á áhrifasvæði ofanflóðavarna neðan Urðarbotna og Nesgils í Norðfirði		Upplag: 7 Síðufjöldi: 18 Fjöldi korta: Kort eru myndir inni í skýrslu Fjöldi viðauka: 4
Höfundar: Guðrún Óskarsdóttir, Halldór W. Stefánsson, Kristín Ágústsdóttir og Elín Guðmundsdóttir		
Unnið fyrir: EFLU verkfræðistofu		
Útdráttur: <p>Gerð var athugun á gróðri og fuglalífi á svæði fyrirhugaðra ofanflóðavarna neðan Urðarbotna og Nesgils í Norðfirði. Áhrifasvæði framkvæmda er rúmir 100 ha og framkvæmdarsvæðið sjálft 29 ha. Allt rannsóknarsvæðið var gróðurkortlagt sumarið 2015 og þær háplöntu- og fuglategundir sem fundust á svæðinu skráðar. Niðurstöður voru bornar saman við fyrri tegundaskráningar á svæðinu.</p> <p>Gras- og blómendi þekja 26% framkvæmdarsvæðisins, skóglendi þekur 17%, gömul tún þekja 16% og lúpína 12%. Önnur gróðurlendi þekja hvert um sig minna en 10% framkvæmdarsvæðis. Fyrirferðamesti landflokkurinn innan áhrifasvæðis er raskað land í uppgræðslu umhverfis varnargarðana tvo sem nú standa. Uppgræðsla er víða komin vel á veg. Önnur gróðurlendi eru lyngmói, kjarlendi, votlendi og mosagróður en á hluta svæðisins er einnig að finna grýtt land og kletta.</p> <p>Svipaður fjöldi háplöntutegunda var skráður í vettvangsathugun sumarið 2015 (148) og í fyrri athugunum (121-149). Tegundasamsetning hefur þó breyst, runna- og trjátegundum fjölgað og bæst við tegundir sem tengjast uppgræðslu. Tegundafjölbreytni er mikil og á svæðinu vaxa ýmsar einkennistegundir Austurlands.</p> <p>Alls voru 13 tegundir fugla skráðar á rannsóknarsvæðinu á athugunardegi 2015 og heildarfjöldi þeirra 161 samanborið við 12 tegundir og 279 fugla. Munar þar mest um 131 silfurmáfa sem ekki voru skrásettir árið 2015. Mófuglar og skógarfuglar voru mest áberandi. Fuglar á svæðinu munu víkja fyrir mannvirkjum. Tegundirnar geta aðlaðast breyttum aðstæðum en truflun á framkvæmdartíma getur valdið skaða á varpi friðaðra tegunda yfir sumartímamann.</p> <p>Engar tegundir plantna eða fugla á valista fundust á rannsóknarsvæðinu sumarið 2015. Gróðurlendi eru fjölbreytt sem er ef til vill helsta verðmæti svæðisins auk birkiskóga og -kjarrs sem vex þar. Svæðið er mikilvægt útivistarsvæði fyrir íbúa. Á síðustu árum hefur útbreiðsla ágengra tegunda aukist á svæðinu og m.a. tekið yfir berjalönd. Við það rask sem fylgir fyrirhuguðum framkvæmdum á svæðinu gætu þær aukið enn útbreiðslu sína. Sú þróun gæti stefnt tegundafjölbreytni og útivistargildi svæðisins í hættu og því mælist Náttúrustofa Austurlands sterklega til þess að sú útbreiðsla verði takmörkuð með öllum mögulegum hætti, bæði á meðan framkvæmdum stendur og í kjölfar þeirra. Sérstaklega þarf að vanda til verka við uppgræðslu og reyna að nýta þær tegundir sem fyrir eru á svæðinu.</p>		
Lykilorð: Fuglar, gróður, ofanflóðavarnir, Neskaupstaður, Norðfjörður, Bakkagil, Nesgil, Urðarbotnar		ISSN nr:
Yfirfarið: Kristín Ágústsdóttir		ISBN nr:

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Rannsóknarsvæðið	3
Gagnasöfnun	7
Gróður	7
Gróðurkortlagning	7
Tegundaskráning	7
Fuglar	7
Niðurstöður	8
Gróðurlendi	8
Gróðurlendi innan framkvæmdarsvæðis	10
Gróðurlendi innan áhrifasvæðis	10
Tegundir plantna	11
Fuglar	13
Umræður	15
Gróður	15
Fuglar	16
Heimildir	18
Þakkir	18

Viðaukar

Viðauki 1 - Tegundir trjáa og runna í Hjallaskógi

Viðauki 2 - Gróðurlykill

Viðauki 3 - Háplöntutegundir

Viðauki 4 - Fuglategundir

Inngangur

Að beiðni EFLU verkfræðistofu var gerð athugun á gróðri og fuglalífi á svæði fyrirhugaðra ofanflóðavarna í Neskaupstað neðan Urðarbotna/Sniðgils og Nesgils/Bakkgils. Hér er gerð grein fyrir helstu gróðurlendum og algengustu tegundum plantna á svæðinu og fuglalífi lýst. Mat er lagt á hvort gróðurlendi teljist sérstaklega verðmæt og hvort sjaldgæfar tegundir plantna eða fugla hafi fundist á svæðinu. Jafnframt eru niðurstöður rannsókna á fuglalífi og plöntutegundum bornar saman við eldri rannsóknir í hlíðinni ofan Neskaupstaðar frá árinu 1997 og 2003. Skýrsla þessi byggir á vettvangsathugunum frá júlí og september 2015 og eldri gögnum (m.a. Guðrún Á. Jónsdóttir 1998, Halldór Walter Stefánsson og Skarphéðinn Guðmundur Þórisson 1998, Guðrún Áslaug Jónsdóttir o.fl. 2003).

Rannsóknarsvæðið

Áhrifasvæði fyrirhugaðra varnarmannvirkja er ofan byggðar í Neskaupstað. Rannsóknarsvæðið nær til alls áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda, eða nánar tiltekið alls framkvæmdarsvæðis auk 100 m jaðarsvæðis utan um það. Svæðið nær frá Stóralæk í austri að Hlauplæk innan við innstu hús í þéttbýli Neskaupstaðar. Austari mörk áhrifasvæðisins falla innan marka Fólkvangs Neskaupstaðar, en ekki er gert ráð fyrir að því svæði verið raskað (1. mynd).



1. mynd. Yfirlitsmynd yfir rannsóknarsvæðið sem sýnir mörk framkvæmdarsvæðis (hvít lína) og áhrifasvæðis (rauð lína) (Loftmyndir ehf. 2015).

Svæðið ofan byggðar er mikið raskað vegna framkvæmda við fyrri ofanflóðavarnir. Mest áberandi í landslaginu á svæðinu eru ofanflóðavarnirnar sem þegar hafa verið reistar, Hjallaskógur á austara svæðinu (2. mynd) og Eypórslundur á vestara svæðinu. Í nágrenni við ný ofanflóðamannvirki og einnig á vestara áhrifasvæðinu hafa framandi og ágengar plöntur dreift sér. Einnig mótast fyrir mannvistarleifum svo sem tóftum, skurðum, gömlu vatnsbóli (3. mynd t.v.), skíðalyftu o.fl. Beggja vegna fyrirhugaðra framkvæmdarsvæða hafa þegar verið reistir varnargarðar og keilur sem þekja stóran hluta áhrifasvæðisins (3. mynd t.h.).



2. mynd. Núverandi og væntanleg ofanflóðamannvirki í Norðfirði (Landmótun 2015).



3. mynd. Gamla vatnsból Norðfirðinga neðan Vatnshóls utan Hjallaskógar (t.v.) og innstu varnargarðar og keilur neðan Tröllagils í Norðfirði (t.h.). Ljósmyndir: KÁ (t.v.) og HWS (t.h.).

Þar sem landi hefur ekki verið raskað vegna ofanflóðaframkvæmda er fjallshlíðin vel gróin upp fyrir miðjar hlíðar og víða skorin fjallalækjum (4. mynd t.v.). Þar eru lyng- og lúpínubreiður áberandi (4. mynd t.h.). Utan Hjallaskógar er töluvert um plantað og sjálfsáð birki (5. mynd). Birkið er þéttast næst Hjallaskógi, sums staðar svo þétt að þar er orðið illfært. Á þessu svæði, neðan við Vatnshólinn og beggja vegna við gamla veginn sem lá upp að vatnsbólínu plöntuðu grunnskólanemendur í Nesskóla birki fram til ársins 2000 (Viðar Hannes Sveinsson, munnleg heimild). Hér og þar í hlíðinni eru litlir skógarreitir með barrtrjám. Neðst á framkvæmdarsvæðinu, næst byggðinni, eru leifar gamalla túna (6. mynd t.v.).

Í Hjallaskógi vaxa ýmsar trjategundir og eru barrtré mest áberandi (5. mynd). Árið 2008 voru alls 31 tegund sem óx þar og síðan þá hafa bæst við a.m.k. 4 tegundir (Skógræktarfélag Neskaupstaðar 2015, Egill Arnaldur Ásgeirsson, munnleg heimild) (Viðauki 1). Skógræktin er ákjósanlegt útivistarsvæði sem er vel skipulagt með stígum og áningastöðum (6. mynd t.h.). Nesskóla hefur verið úthlutað svæði í skóginum sem notað er í ýmiss konar útikennslu. Það svæði fellur innan eiginlegs framkvæmdarsvæðis (1. mynd). Ekki eru tiltækar upplýsingar um fjölda tegunda í Eypórslundu sem er minna skógræktarsvæði á vestara framkvæmdarsvæðinu.



4. mynd. Vel gróin fjallshlíð á framkvæmdarsvæði fyrirhugaðra varnargarða undir Urðarbotnum og Sniðgili (t.v.). Í hlíðinni vex lúpína allvíða en lyng er einnig áberandi (t.h.). Ljósmyndir: HWS.



5. mynd. Skógræktarsvæðið ofan við Neskaupstað. Ljósmyndir: HWS.



6. mynd. Af Vatnshóli (t.v.). Sjálfsáð og plantað birki er áberandi utan Hjallaskógar, undir Nesgili og Bakkagili. Neðst á ytra framkvæmdarsvæðinu, næst byggðinni má sjá leifar gamalla túna. Úr Hjallaskógi (t.h.) sem er aðlaðandi útivistarsvæði. Ljósmyndir: KÁ (t.v.) og Birna Marín Viðarsdóttir úr Ljósmyndsamkeppni Náttúrustofu Austurlands á degi íslenskrar náttúru 2015 (t.h.).

Sjaldgæfar plöntutegundir hafa fundist á og við rannsóknarsvæðið (Eypór Einarsson 1959, Helgi Hallgrímsson 2003, Hörður Kristinsson 2010, Náttúrustofa Austurlands og Hjörleifur Guttormsson - óbirt gögn 2004). Á 7. mynd má sjá fundarstaði lyngbúa (*Ajuga pyramidalis*), sífjarsóleyjar (*Ranunculus auricomus*), skollakambs (*Blechnum spicant*) og stinnasefs (*Juncus squarrosus*) en allar þessar tegundir eru frekar eða mjög sjaldgæfar á Íslandi (Hörður Kristinsson 2010).



7. mynd. Kunnir fundarstaðir sjaldgæfra plöntutegunda á og við rannsóknarsvæðið.

Gagnasöfnun

Gróður

Gróðurkortlagning

Allt athugunarsvæðið var gengið dagana 29. júlí og 8. september 2015 og gróður kortlagður í mælikvarðanum 1:5000. Að mestu var kortlagt á nýlegt myndkort frá árinu 2013 en efsti hluti eystra áhrifasvæðisins féll utan við þá mynd. Þar var því notað myndkort frá árinu 1998. Bæði myndkortin eru frá Loftmyndum ehf. í eigu Fjarðabyggðar (Loftmyndir 2015). Bjart og stillt var báða dagana og engin úrkoma.

Við gróðurkortlagningu var gróður flokkaður eftir ríkjandi og/eða einkennandi plöntutegundum (Viðauki 2). Ríkjandi teljast tegundir sem hafa mesta gróðurþekju og geta þær verið ein eða fleiri í hverju gróðurfélagi. Einkennandi kallast tegundir sem einkenna tiltekið gróðurfélag án þess að hafa mesta þekju. Þær geta verið ein eða fleiri og eru bundnar við umrætt gróðurfélag (Steindór Steindórsson 1981, Staðlaráð Íslands 2007). Gróðurþekja hvers gróðurlendis var einnig metin.

Tegundaskráning

Áhrifasvæði fyrirhugaðra ofanflóðavarna var flokkað í 5 vistgerðir; einkagarðar og vegir, manngert umhverfi (t.d. tún), mólendi, skóg- og kjarrlendi og fyrri varnargarðar. Ekki var ráðgert að tegundagreina í staðsetningum sem lentu innan einkagarða og á vegum. Fimmtíu handahófskenndar staðsetningar voru útbúnar í kortagerðaforritinu QGIS 2.8.2 innan þeirra svæða sem átti að tegundaskrá.

Tegundir voru skráðar dagana 28.-30. júlí 2015. Bjart og stillt var alla athugunardagana og engin úrkoma. Farið var í allar staðsetningar og lagður niður rammi 50 x 50 cm að stærð. Ramminn var svo færður með eins metra millibili í austurátt, fjórum sinnum á hverri staðsetningu. Alls var því um 2.5x0.5 m svæði skoðað ítarlega á hverri staðsetningu. Allar tegundir sem fundust við skoðun gróðurs í ramma voru skráðar. Þá var gengið um svæðið í kring og allar tegundir sem fundust ekki innan ramma einnig skráðar. Á göngu milli reita var litið eftir tegundum sem ekki höfðu verið skráðar og þeim bætt við listann eftir því sem við átti.

Við vettvangsvinnu var sérstaklega litið eftir sjaldgæfum tegundum enda eru tveir fundarstaðir sjaldgæfu tegundarinnar stinnasefs þekktir innan og í jaðri rannsóknarsvæðisins (7. mynd).

Við úrvinnslu gagna voru tegundir flokkaðar niður í tegundahópa eftir vaxtarformi og niðurstöður tegundaskráningar bornar saman við fyrri tegundaskráningar sem Náttúrustofa Austurlands hefur framkvæmt í fjallshlíðinni (Guðrún Á. Jónsdóttir 1998, Guðrún Áslaug Jónsdóttir o.fl. 2003). Við flokkun tegunda í tegundahópa var ekki stuðst við neina einstaka heimild heldur voru tegundir metnar útlitslega og ættkvíslir þeirra hafðar í huga við skipunina. Í Viðauka 3 eru allar tegundir sem fundust árin 1997, 2003 og 2007 listaðar upp og þær flokkaðar í tegundahópa.

Fuglar

Farið var yfir fyrirbyggjandi heimildir um fuglalíf á svæðinu. Náttúrustofan kannaði fuglalíf á svæðinu dagana 16. júní og 9. júlí 1997 vegna fyrsta áfanga við ofanflóðavarnir ofan við Neskaupstað (Halldór Walter Stefánsson og Skarphéðinn Guðmundur Þórisson 1998). Rannsóknarsvæði fugla var hið sama

árið 2015. Leitast var við að leggja mat á möguleg áhrif framkvæmda á fugla á svæðinu með hliðsjón af rannsóknum stofunnar frá 1997.

Gerð var úttekt á fuglalífi á áhrifasvæði fyrirhugaðra ofanflóðavarna ofan við Neskaupstað þann 8. júlí 2015 eða á sama tíma og seinni talning fór fram árið 1997. Fuglar voru taldir og skráðir allt í kringum ofanflóðamannvirki rétt ofan við Neskaupstað. Lögð var áhersla á að kanna svæðið í jaðri núverandi varnarvirkja og á milli þeirra sem er fyrirhugað framkvæmdarsvæði. Einn talningamaður gekk um svæðið. Hlustað var sérstaklega eftir hljóðum fugla í skógræktinni. Þá var sérstaklega litið eftir fuglum á valista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Í rannsóknunum var notast við sjónauka, myndavél og loftmynd af svæðinu.

Við túlkun gagna voru athuganir frá 1997 hafðar til samanburðar. Einkum var litið til mófugla í því samhengi, auk rjúpna og spörfugla en máfum, gæsum, dúfum og ógreindum tegundum sleppt. Við samanburð á milli ára er hámarksfjöldi viðkomandi tegundar af tveimur athugunardögum notaður fyrir árið 1997.

Allar tegundir á svæðinu eru listaðar upp í Viðauka 4, bæði athugunarárin (1997 og 2015).

Niðurstöður

Gróðurlendi

Rannsóknarsvæðið, eða áhrifasvæði framkvæmdanna, er í heild sinni tæplega 108 ha. Þar af eru tæpir 107 ha á landi en með þeim aðferðum sem áhrifasvæðið er afmarkað lenti 1 ha í sjó (8. mynd). Sá hluti var ekki hafður með í útreikningum. Framkvæmdarsvæðið sjálft er 29,1 ha. Flatarmál hvers gróðurlendis, annars vegar innan framkvæmdarsvæðisins sjálfs og hins vegar á 100 m áhrifasvæði þess er sýnt í 1. töflu.

1. tafla. Stærð og hlutfall gróðurlenda innan áhrifasvæðis annars vegar og framkvæmdarsvæðis hins vegar.

Gróðurlendi/ landflokkur	Flatarmál innan framkvæmdarsvæðis		Flatarmál innan áhrifasvæðis	
	ha	% af heild	ha	% af heild
Byggð - mannvirki	<1	<1	14	13
Gamalt tún/framræst mýri	5	16	10	9
Gras- og blómlendi	8	26	18	17
Birkikjarr	1	4	3	3
Klettur og klappir	0	0	<1	<1
Lúpína	3	12	6	6
Lýngmói	3	9	9	8
Mosagróður	<1	<1	2	1
Skóglendi*	5	17	13	13
Stórgrytt land	<1	1	<1	<1
Uppgræðslusvæði - raskað	3	9	27	26
Votlendi**	2	6	4	4

*Birkiskógur (>2 m) og blandaður skógur (>2 m). **Deiglendi og mýri.

Gróðurkortlögð svæði sem falla innan framkvæmdar- og áhrifasvæðis fyrirhugaðra ofanflóðavarna má sjá á 8. mynd.



8. mynd. Gróðurkort sem sýnir gróðurlendi innan rannsóknarsvæðisins.

Gróðurlendi innan framkvæmdarsvæðis

Gras- og blómlendi þekja stærstan hluta (26%) framkvæmdarsvæðisins, skóglendi þekur 17%, gömul tún og/eða framræstar mýrar þekja 16% og lúpína 12%. Önnur gróðurlendi þekja minna en 10%.

Töluverður hluti gras- og blómlendis liggur innan framkvæmdarsvæðis. Á vestara framkvæmdarsvæðinu er það frekar dreift en á austara svæðinu liggur það að mestu leyti fyrir ofan gömlu túnin ofan við Bakkana, eða ytri hluta byggðarinnar í Neskaupstað. Túnin þar falla líka að töluverðum hluta innan framkvæmdarsvæðis og flokkast sem gömul tún eða framræstar mýrar.

Birkikjarr- og skóglendi finnst bæði á vestara og austara framkvæmdarsvæðinu (8. mynd) og hluti Hjallaskógar fellur einnig innan þess. Annar hluti skóglendisins er dreifður um vestari hluta framkvæmdarsvæðisins en hinn hlutinn liggur aðallega ofarlega á austara svæðinu.

Votlendi þekur um 6% af heildarflatarmáli framkvæmdarsvæðisins og alls var um helmingur þess votlendis sem kortlagt var innan þess.

Tæplega þriðjungur alls mólendis sem var kortlagt var innan framkvæmdarsvæðisins eða alls um 9% af heildarflatarmáli þess.

Í kringum varnargarðana tvo sem nú standa og í hlíðinni á milli þeirra eru bæði stórir og smáir blettir sem lúpína hefur tekið yfir. Lúpína þekur um 12% framkvæmdarsvæðis og lendir helmingur þeirra lúpínusvæða sem voru kortlögð innan þess.

Gróðurlendi innan áhrifasvæðis

Byggð (13%) og raskað land eða uppgræðslusvæði (26%) þekja stóran hluta áhrifasvæðisins. Meðal annarra gróðurlenda sem þekja stóran hluta áhrifasvæðisins eru gras- og blómlendi (17%), skóglendi (13%), lyngmói (9%) og gömul tún/framræstar mýrar (9%). Þá eru lúpínubreiður einnig áberandi og þekja um 6% áhrifasvæðisins (1. tafla og 8. mynd). Auk þess eru stórir flákar af lúpínu á svæðum sem kortlögð voru sem uppgræðsla og raskað land.

Áhrifasvæðið telst fullgróið fyrir utan röskuð svæði, byggð og stöku kletta.

Fyrirferðamesti landflokkurinn innan áhrifasvæðisins, raskað land í uppgræðslu, er umhverfis varnargarðana tvo sem fyrir eru. Uppgræðsla er víða komin vel á veg. Innan uppgræðslusvæðanna er að finna ýmsar tegundir s.s. lúpínu, grös og smærri trjáplöntur.

Stærstur hluti þess gras- og blómlendis sem lendir ekki innan framkvæmdarsvæðis liggur rétt fyrir ofan byggð. Sums staðar lendir efsti hluti byggðar í Neskaupstað einnig inni á neðsta hluta áhrifasvæðisins. Skógrækt þekur allt norðvesturhorn ytri hluta áhrifasvæðisins en einnig er að finna bletti hér og þar um svæðið þar sem trjágróður hærrí en 2 m er ríkjandi.

Lyngmóa er helst að finna ofarlega í hlíðinni, í efsta hluta áhrifasvæðisins. Stærstur hluti er á áhrifasvæðinu, utan framkvæmdarsvæðisins, fyrir utan einn fremur stóran blett sem teygir sig niður í austari hluta þess. Innan um lyngmóann er kjarrlendi og mosagróður (9. mynd t.v.). Votlendi (9. mynd t.h.) er helst að finna í austasta hluta áhrifasvæðisins.



9. mynd. Horft til vesturs efst á vestara framkvæmdarsvæðinu þar sem sjá má kjarrið skríða niður í beitylmgsmóann (t.v.). Mýrarfláki við Kúahjalla við efri mörk áhrifasvæðisins vestan við varnargarðana neðan Drangagils (t.h.). Ljósmyndir: KÁ.

Stórgrýtt land annars vegar og klettur og klappir hins vegar fundust á sitt hvorum blettinum, stórgrýtta landið fellur að mestu innan framkvæmdarsvæðis (yst í vestari hluta þess) en klettur og klappir utan þess (ofarlega í austari hluta áhrifasvæðis).

Tegundir plantna

Alls fundust 148 tegundir á rannsóknarsvæðinu við vettvangsathugun árið 2015. Mólendið var tegundaríkast og tegundasnauðast var manngert umhverfi (2. tafla).

2. tafla. Niðurstöður tegundaskráningar á rannsóknarsvæðinu árið 2015.

Fjöldi tegunda fundinn í hverri vistgerð		
Vistgerðir	Fjöldi plöntutegunda	Þar af fjöldi tegunda bundnar við þessa vistgerð
Varnargarðar	94	21
Mólendi	110	20
Kjarr- og skóglendi	91	6
Manngert umhverfi	38	2

Aðeins tvær tegundir, músareyra og hófsóley, fundust einungis í manngerðu umhverfi (2. tafla). Allar aðrar tegundir sem fundust í manngerðu umhverfi fundust einnig í öðrum vistgerðum. Tuttugu og ein tegund var eingöngu bundin við nærumhverfi varnargarðana, þar á meðal nokkrar tegundir sem oft eru einkennandi fyrir svæði sem hafa nýlega verið raskað, svo sem skriðsóley og rauðsmári. Alls voru 49 tegundir bundnar við aðeins eina vistgerð og fjöldinn fór minnkandi eftir því sem tegundirnar fundust í fleiri vistgerðum (3. tafla).

3. tafla. Fjöldi tegunda fundinn í fjölda vistgerða á rannsóknarsvæðinu árið 2015.

Fjöldi vistgerða	Fjöldi tegunda
1	49
2	40
3	33
4	26

Þegar allar tegundir sem skráðar hafa verið við gróðurannsóknir vegna ofanflóðavarna í Neskaupstað eru flokkaðar niður í tegundahópa eftir vaxtarformi (Viðauki 3) má sjá að hlutfall tegunda í hverjum hóp helst nokkuð svipað milli ára (4. tafla). Þó voru talsvert fleiri trjá- og runnategundir skráðar árið 2015 en fyrri ár enda hafa ýmsar trjáplöntur verið gróðursettar í tengslum við framkvæmdir vegna þeirra varnargarða sem nú standa. Svæðin sem voru rannsökuð voru breytileg milli ára, því skal 4. tafla aðeins höfð til viðmiðunar og breytingum á tegundasamsetningu milli ára tekið með fyrirvara.

4. tafla. Fjöldi tegunda í hverjum tegundahóp sem skráðar hafa verið við gróðurannsóknir í sambandi við ofanflóðavarnir í Neskaupstað árin 1997, 2003 og 2015. Svæðin sem voru rannsökuð voru órlítið mismunandi á milli ára. Þessi tafla er því aðeins höfð til viðmiðunar og breytingum á tegundasamsetningu milli ára tekið með fyrirvara.

Tegundahópar	1997		2003		2015	
	fjöldi	% af heild	fjöldi	% af heild	fjöldi	% af heild
Tré og runnar	6	4	5	4	14	9
Smárunnar og lyng	8	5	8	7	7	5
Blómjurtir	83	56	69	57	79	53
Grös	15	10	13	11	18	12
Hálfgrös	27	18	16	13	23	16
Byrkningar	10	7	10	8	7	5
Samtals	149		121		148	

Þær grastegundir sem höfðu ekki verið skráðar fyrr en árið 2015 eru háliðagras, hásveifgras, vallarfoxgras, vallarrýgresi og varpasveifgras en flestar þessara grastegunda sjást gjarnan í og við raskað land. Margar þeirra blómjurtar sem voru aðeins skráðar árið 2015 minna einnig á raskað land, svo sem krossfífill, rauðsmári, skógarkerfill, skriðsóley og þistill.

Allmargar af þeim háplöntutegundum sem fundist hafa við áðurnefndar gróðurannsóknir eru fremur sjaldgæfar eða hafa takmarkaða útbreiðslu á landsvísu. Þessar tegundir eru: Bláklukka (10. mynd t.v.), bergsteinbrjótur, dúnhulstrastör, dökkasef, grástör, gullsteinbrjótur, hagastör, litunarjafni, lyngbúi, maríuvöttur, skjaldburkni, sjöstjarna (10. mynd t.h.), skógfjóla, stinnasef og villilín. Rúmlega helmingur þessara tegunda fannst á rannsóknarsvæði þessarar rannsóknar sumarið 2015.




10. mynd. Bláklukka (t.v.) og sjöstjarna (t.h.) eru tvær af austfjarðategundunum sem hafa takmarkaða útbreiðslu á landsvísu. Ljósmyndir: SGP (t.v.) og KÁ (t.h.).

Á rannsóknarsvæðinu fundust ekki tegundir sem hafa verið friðlýstar eða tegundir á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996, Náttúrufræðistofnun Íslands 2008), hvorki við vettvangsathugun árið 2015 né við vettvangsathuganir árin 1997 og 2003 (Guðrún Á. Jónsdóttir 1998, Guðrún Áslaug Jónsdóttir o.fl. 2003). Sérstaklega var litið eftir stinnasefi við vettvangsathugun 2015 þar sem einn þekktur fundarstaður þess er innan rannsóknarsvæðisins (7. mynd) en ekki sást til þess. Á þeim fundarstað er nú þéttvaxin lúpínubreiða.

Fuglar

Ágæt skilyrði voru til fuglarannsóknna í Norðfirði 8. júlí 2015, norðaustan gola, skýjað og hiti 10°C þrátt fyrir fremur svalt sumar Austanlands. Alls voru 13 tegundir fugla á rannsóknarsvæðinu á athugunardegi 2015 samanborett við 12 tegundir árið 1997. Heildarfjöldi fugla árið 1997 var 279 en 161 árið 2015, munar þar mest um 131 silfurmáf sem sást árið 1997 (Viðauki 4).

Níu fuglategundir verða skoðaðar í þessari samantekt, auk þess sem fjallað verður um tvær finkutegundir sem sást árið 1997 (11. mynd). Þessar tegundir teljast fimm til mófugla (vaðfuglategundir) og þrjár til skógarfugla auk rjúpu. Í skógræktinni heyrðist auk þess í tveimur tegundum árið 2015 (snípa og söngfugl) sem ekki tókst að greina til tegunda (Viðauki 4).




11. mynd. Samanburður á fjölda fugla og tegunda árin 1997 og 2015 á sjóflóðavarnarsvæði í Norðfirði.

Árið 2015 voru engar tegundir á svæðinu á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000) en þrjár voru á válista árið 1997 (grágæs, fálki og hrafn). Þær sást allar í fyrri athugun í júní 1997, en ekki í júlí það sama ár.

Mófuglar og skógarfuglar eru mest áberandi á svæðinu. Máfar, grágæs, bjargdúfa og fálki sjást í nágrenninu en nota svæðið ekki á sama hátt og mó- og spörfuglar og rjúpur.

Út frá fyrirbyggjandi gögnum Náttúrustofunnar um fugla á áhrifasvæði varnarmannvirkja í hlíðinni ofan við Neskaupstað sést að einstaklingsfjöldi hefur í flestum tilfellum breyst frá árinu 1997. Þar er bæði um fjölgun og fækkun að ræða.

Rjúpur voru umtalsvert færri á svæðinu í júlí 2015 en í júní fyrir 18 árum. Munurinn er um 70%. Fjöldinn er þó svipaður og í júlí 1997 þegar einungis 4-5 karrar sáust á svæðinu. Ef sveiflur í fjölda rjúpna er svipaður í Neskaupstað og á Héraði ætti rjúpufjöldi á þessum tveimur athugunarárum að vera sá sami (12. mynd).



12. mynd. Breytingar á fjölda óðalskarra á þremur talningasvæðum á Austurlandi. Þéttleiki karra (fjöldi einstaklinga á km²) er mjög mismunandi á milli svæðanna þriggja og því voru raðirnar staðlaðar þannig að auðveldara væri að bera saman breytingar á fjölda fugla á milli ára. Raðirnar eru staðlaðar með því að reikna frávik hvers punkts frá meðaltali viðkomandi raðar og deila í með staðalfrávikni raðarinnar, þannig fást raðir sem hafa meðaltalið 0 og staðalfráviknið 1. (Ólafur K. Nielsen 2015).

Mófuglum hefur fjölgað frá árinu 1997. Heiðlóur (13. mynd t.v.) voru aðeins fleiri árið 2015 og þrjár tegundir sem sáust ekki fram í athugunum árið 1997. Þessar tegundir eru: Jaðrakan (13. mynd t.h.), spói (14. mynd t.v.) og stelkur. Engin breyting varð á fjölda hrossagauka (14. mynd t.h.) á svæðinu athugunarárin 1997 og 2015.

Af spörfuglunum fjölgaði þúfutittlingi og auðnutittlingi frá því árið 1997 en skógarþröstum fækkaði.

Ekki varð vart við finkutegundir í skógræktinni að þessu sinni sem þarf ekki að þýða að þær séu ekki til staðar.



13. mynd. Heiðlóa við lúpínubreiðu ofan Neskaupstaðar (t.v.) og mófuglar í jaðri fyrirhugaðs varnargarðasvæðis (t.h.).
Ljósmyndir: HWS.



14. mynd. Spói á furu ofan Neskaupstaðar 2015 (t.v.) og hrossagauksungur á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði (t.h.).
Ljósmyndir: HWS.

Umræður

Gróður

Fjallshlíðin fyrir ofan Neskaupstað hefur verið friðuð fyrir beit um árabíl. Gróður í hlíðinni er nokkuð gróskumikill og landið innan áhrifasvæðis telst fullgróið. Gróska svæðisins verður að teljast verðmæt þar sem gróður á Íslandi er víða rýr og gróðurhula ósamfelld.

Gróðurlendi eru fjölbreytt og fjölbreytni er ef til vill helsta verðmæti svæðisins. Birkiskógur (plöntur >2 m) og birkikjarr (plöntur <2 m) vex upp austan við Hjallaskóg. Birkið er ýmist sjálfásáð eða hefur verið plantað á undanförunum áratugum. Birkiskógurinn/kjarrið er þéttast næst skógræktinni og gisnar út hlíðina (6. mynd t.v.). Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra njóta verndar samkvæmt lögum um breytingu á lögum um náttúruvernd (nr. 109/2015). Óheimilt er að raska slíkum svæðum nema brýna nauðsyn beri til og aðrir kostir séu ekki fyrir hendi (Lög um náttúruvernd nr.60/2013). Erfitt er að meta með svo einfaldri athugun sem hér um ræðir hvort þessi skógur/kjarr teljist sérstætt eða vistfræðilega mikilvægt, en svæðið er engu að síður verðmætt fyrir samfélagið til að nýta og njóta.

Votlendissvæði 2 ha eða stærri njóta einnig sérstakrar verndar (Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 og Lög um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 109/2015). Öll votlendissvæði sem kortlögð voru innan eða á mörkum áhrifasvæðisins voru töluvert undir þeim mörkum.

Stærstu skógræktarsvæðin eru annars vegar Hjallaskógur á austara svæðinu og hins vegar Eyþórslundur á vestara svæðinu. Einnig eru smærri skógræktarreitir. Á þessum svæðum er einkum blandaður skógur og eru ýmiss konar barrtré áberandi. Skógræktarsvæðin eru verðmæt svæði fyrir margar sakir og ber að forðast að hreyfa við þeim eins og kostur er.

Umfang lúpínu hefur aukist verulega á rannsóknarsvæðinu frá því það var fyrst kortlagt árið 1997 en þá voru engin lúpínusvæði kortlögð. Nú þekur lúpína a.m.k. 6% af áhrifasvæðinu og 12% af framkvæmdarsvæðinu.

Þó áhrifasvæði falli að litlum hluta innan marka Fólkvangs Neskaupstaðar er ekki gert ráð fyrir að því svæði verði raskað á nokkurn hátt, enda er þar einungis gert ráð fyrir stígagerð.

Tegundafjölbreytni á áhrifasvæði fyrirhugaðra ofanflóðavarna er mikil og þar vaxa ýmsar einkennis-tegundir Austurlands. Svipaður fjöldi tegunda var skráður í vettvangsathugun árið 1997 og árið 2015 (148-149). Tegundasamsetning hefur þó breyst. Til dæmis hefur runna- og trjátegundum fjölgað og bæst hafa við tegundir sem oft tengjast uppgræðslu og endurheimt lands, s.s. rauðsmári og skrið-sóley. Þetta bendir til þess að framkvæmdir á svæðinu hafi áhrif á gróðurfar þess, en tekið skal fram að fara verður varlega í samanburð tegunda og samanburð á fjölda tegunda milli ára þar sem rannsóknarsvæðin eru ekki nákvæmlega þau sömu milli ára.

Auk þeirra verðmæta sem felast í sjálfum gróðurlendunum, grósku og tegundafjölbreytni eru fyrirhuguð framkvæmdarsvæði mikilvæg útivistarsvæði fyrir íbúa, einkum fyrir sakir þess umhverfis sem gróðurinn skapar. Íbúar Neskaupstaðar nýta svæðin mikið til berjatínslu og annarrar útivistar, einkum lyngmóann með sinn lágvaxna gróður sem er auðveldur yfirferðar, svo og Hjallaskóg.

